

Mál nr. 416/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. október 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 12. nóvember 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. nóvember 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 13. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi neyðst til að höfða mál gegn fyrrum vinnuveitanda sínum og hefur vegna dómsmálsins gert kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingu (réttaraðstoðartryggingu) sinni hjá V. Snýr málið að vangoldnum launum, þ.e. launum á uppsagnarfresti, úppgerðu orlofi og kaupauka skv. ráðningarsamningi.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að samkvæmt skilmála vátryggingarinnar taki hún ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði atvinnu- eða embættisrekstur tryggðs. Telur M að afstaða V fái ekki staðist. Ljóst sé að M var launamaður og hafði hvorki með höndum atvinnurekstur né embættisrekstur. Skilmálarnir séu samdir einhliða af V, sem verði að bera hallann af hvers kyns óskýrleika sem fyrir hendi er. Í því samhengi vísar M til 1. mgr. 36. gr. b. í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936. Vísar M einnig til andskýringarreglu samningaréttar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að undanþága sú sem fram kemur í 47. gr. b. í vátryggingarskilmála geri það að verkum að hinn tryggði eigi ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu vegna málareksturs um laun og annað endurgjald fyrir vinnu. Er það álit V að ekki hefði komið til ágreinings máls þessa nema vegna þess ráðningarsambands sem M var í við fyrrum vinnuveitanda sinn. Varðar málareksturinn augljóslega atvinnu M og eigi því undanþáguákvæði b-liðar 47.gr. vátryggingarskilmálans við í þessu máli.

Í viðbótarathugasemdum M er bent á þann galla við rökstuðning V að skilmálinn tilgreini ekki málarekstur vegna atvinnu, heldur málarekstur vegna atvinnureksturs. Orðin hafi ekki sömu þýðingu.

Í viðbótarathugasemdum V er því hafnað að túlkun V á umræddu skilmálaákvæði sé röng. Það sé skýrt að V takmarki ábyrgð sína við ágreining vegna atvinnu tryggðs annars vegar og embættisreksturs hins vegar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort V geti borið fyrir sig undanþáguákvæði í vátryggingarskilmála málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar. Í þeim skilmálum, nánar tiltekið 47. gr. b., kemur fram að tryggingin taki ekki til „...ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði atvinnu- eða embættisrekstur tryggðs, þar með talin mál vegna vinnuslysa“.

Við túlkun þessa undanþáguákvæðis er nauðsynlegt að hafa í huga að um er að ræða staðlaða samningsskilmála sem settir eru einhliða af V. Hallann af óskýru orðalagi hvað þetta varðar ber V, sbr. túlkunarreglu 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 og almenna andskýringarreglur samningaréttarins.

Samkvæmt hefðbundnum málskilningi vísar hugtakið „atvinnurekstur“ almennt til sjálfstæðrar starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni, en það á ekki við um launuð störf í þágu annarra. Í þessu máli er ljóst að M starfaði sem launþegi og höfðar mál vegna vangoldinna launa sem falla undir ráðningarsamband hennar við fyrrum vinnuveitanda. Af þeim sökum verður mál M ekki felld undir undanþáguákvæði sem vísa til „atvinnurekstrar tryggðs.“

Við skoðun nefndarinnar á orðalagi skilmála málskostnaðartrygginga annarra vátryggingafélaga kom fram að þar er ekki að finna sama orðalag og í skilmálum V. Í skilmálum V er sérstaklega vísað til

„atvinnu- eða embættisreksturs“ með bandstriki á milli orðanna. Bandstrik þetta er ekki á milli orðanna í skilmálum annarra vátryggingafélaga og er þannig í þeim skilmálum verið að vísa til atvinnu í víðtækum skilningi. Þetta bandstrik hefur þau áhrif að undanþáguákvæði 47. gr. b verður að túlka þrengra og vísar það orðalag aðeins til sjálfstæðrar starfsemi sem orðið atvinnurekstur felur í sér, en ekki til launaðra starfa í þágu annarra. Þetta er í samræmi við almenna málnotkun og skýringu.

Ágreiningur M varðar hana þannig sem launþega og er ekki í tengslum við atvinnurekstur hennar. Á M því rétt á bótum úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir